

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 92/107/EBE
frá 11. desember 1992**

um breytingu á tilskipun ráðsins 69/208/EBE um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/9/EBE ⁽²⁾, einkum 20. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda ætti að breyta II. viðauka við tilskipun 69/208/EBE til að bæta staðlana sem þarf að uppfylla vegna lágmarksafbrigðahreisleika sojabaunafræja.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. II. viðauka við tilskipun 69/208/EBE koma tölurnar „99,5“ og „99“ í stað „97“ og „95“ í dálki 2 („Lágmarksafbrigðahreisleiki (%)“) fyrir stofnfræ og vottað fræ Glycine max.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 1994. Þeim ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. desember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

(¹) Stjttö. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

(²) Stjttö. EB nr. L 70, 17. 2. 1992, bls. 25.